

## 7. bekkur náttúrugreinar

---

Kennarar: Erla Sigurþórsdóttir; Hulda Ingibjörg Magnúsdóttir

### Lýsing

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 5.-7. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

### Markmið

Náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og einstakri upplifun nemenda. Við skipulagningu náttúrugreina skulu öll hæfniviðmið höfð í huga og sá rammi sem námssviðinu er markaður í viðmiðunarstundaskrá í almennum hluta aðalnámskrá. Nám í náttúrugreinum stuðlar að því að nemendur viti hvað þeir vita og hvað þeir geta, og viti hvernig best er að beita vitneskju sinni, þekkingu og leikni til að hafa áhrif á umhverfið sitt og bæta það. Mikilvægt er að verklegfærni og félagslegfærni styrkist, frumkvæði og ábyrgð aukist með virkri þátttöku nemenda, t.d.við val á vðfangsefnum og verklagi.

### Námsefni

Maðurinn: hugur og heilsa, lesbók og verkefnabók.

Lífríki á landi.

Verkefni frá kennara.

### Kennsluaðferðir

Kennarar munu nota fjölbreyttar kennsluaðferðir: Fyrirlestur, sýnikennsla, vettvangsferð, kennslubókarkennsla, námsleikir, samræðuaðferð, spurnaraðferð, þrautalausnir, leitaraðferðir, kannanir, hópavinnubrögð, hugarflug svo eitthvað sé nefnt.

### Námsmat

Námsmat; símati, kannanir, vinnubók (vandvirkni og vinnusemi), ástundun.

### Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk - Geta til aðgerða

- Rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi.

### Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk - Vinnubrögð og færni

- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.
- Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur.
- Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt.

### Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk - Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

### Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 5.-7. bekk - Lífsskilyrði manna

- Lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum.
- Lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.
- Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.

### Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 5.-7. bekk - Heilbrigði umhverfisins

- Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.

### Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 5.-7. bekk - Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- Gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi.